

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingu, og fjárlög fyrir árið 2018 hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:

á veitusvæði HS veitna	5,68 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	8,19 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	5,79 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	5,12 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	8,71 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	5,27 kr./kWst.,
á veitusvæði Veitna ohf.	5,57 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	5,53 kr./kWst.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

RARIK	4,00 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	3,78 kr./kWst.,
HS veitur	138,00 kr./m ³ (3,05 kr./kWst.).

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2018, hefur ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar í þéttbýli og dreifbýli, samkvæmt auglýsingu þessari, taka gildi frá og með 1. júlí 2018.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. júní 2018.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Hreinn Hrafnkelsson.